

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. mars 2026	Tími:	11:00 – 12:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	SK			
Ritari:	HR			
Á fundinn mættu:	Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Áslaug Ásgeirsdóttir (ÁÁ), Hildur Ragnars (HR)Sigríður Kristinsdóttir (SK), Örn Hrafnkelsson (ÖH), og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::	Magnús Ingvason (MI), Marín Guðrún Hrafnisdóttir (MGH)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. mars 2026

1. Fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar 2026

Fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar síðastliðinn var samþykkt.

2. Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna

Framhald umræðna um fyrirhugaða könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna. Könnunin er samstarfsverkefni FFR og FJR og er nú beðið svara úr ráðuneytinu um framkvæmd verkefnisins. Ljóst er að töf verður á því að leggja könnunina fyrir félagsmenn og má nú gera ráð fyrir því eftir páska.

3. Aðalfundur 2026

Aðalfundur 2026 verður haldinn fimmtudaginn 21. maí nk. eftir hádegi og er búið að bóka Norræna húsið fyrir fundinn en þar er góð aðstaða fyrir blandaða fundi. Kjörnefnd hefur kannað möguleika á rafrænni stjórnarkosningu og telur ekki þörf á breytingum á starfsreglum kjörnefndar til að svo megi verða. Áfram er stefnt að því að kynna niðurstöður úr starfsumhverfiskönnun á málstofu áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast.

4. Tilnefning fulltrúa FFR í stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna

Áður á dagskrá. Samþykkt að tilnefna Hildi Ragnars, forstjóra Þjóðskrár, sem fulltrúa FFR í stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna.

5. Erindi forstöðumanns um ferðastyrki

Áður á dagskrá. Samþykkt að hvetja forstöðumanninn til að beina erindi sínu til Starfsmenntunarsjóðs embættismanna en bæði einstaklingar og stofnanir eiga rétt til styrkja úr sjóðnum.

6. Skipunartími forstöðumanna og starfslok

Umræður um skipunartíma forstöðumanna, starfsöryggi og biðlaun. Einnig umræða um verklag og samskipti ráðuneyta og forstöðumanns þegar líður að lokum fimm ára skipunartíma. Þessi mál hafa oft verið rædd á samráðsfundum með KMR og kallað eftir því að mótað verði skýrt verklag í samræmi við stjórnendastefnu ríkisins og aðgerðaáætlun um innleiðingu hennar. Ákveðið að ítreka kröfur þar um á næsta samráðsfundi.

7. Drög að frumvarpi til laga um breytingar á starfsmannalögum

Stjórn FFR sendi í lok febrúar umsögn í Samráðsgátt um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningarskyldu o.fl.).

8. Önnur mál

- Umræður um launakjör forstöðumanna og ríkisstarfsmanna.
- Alltof langan tíma tekur að ákveða laun forstöðumanna nýrra og sameinaðra stofnana. Sem dæmi liggja ekki enn fyrir ákvarðanir um laun forstöðumanna nýrra stofnana í umhverfisráðuneyti og er þó liðið eitt og hálf ár frá því þær stofnanir tóku til starfa. Þetta hefur margsinnis verið rætt á samráðsfundum en fátt um haldbærar skýringar. Ákveðið að ræða á næsta samráðsfundi.
- Umræður um verklag við sameiningar stofnana.
- Minnt á heimsókn félagsmanna til Veðurstofu Íslands á þriðjudag.